



HS ORKA

Brekkustíg 36
260 Reykjanesbær

Sími: 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Nefndarsvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Svartsengi, Grindavík 4. apríl 2017

Efni: Umsögn og tillaga HS Orku hf. um virkjunarkostinn Búlandsvirkjun.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi HS Orku hf. til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 207. mál. Þakkar HS Orka fyrir að eiga þess kost að veita umsögn.

I.

Lagt er til virkjunarkosturinn Búlandsvirkjun verði flokkaður í biðflokk í stað verndarflokks. Telja má að tillaga verkefnisstjórnar um að Búlandsvirkjun flokkist í verndarflokk byggi á hlutdrægum forsendum faghópa 1 og 2 og vanreifun á efnisatriðum sem faghópar 3 og 4 áttu að gera skil um samfélagsleg (faghópur 3) og efnahagsleg (faghópur 4) áhrif virkjana. Þar sem stigagjöf síðastnefndu faghópanna vantar verður að telja að tillaga verkefnisstjórnar uppfylli ekki fyllilega ákvæði laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

II.

Búlandsvirkjun var flokkuð í biðflokk í rammaáætlun 2 og margvísleg málefnaleg rök leiða til þess að í rammaáætlun 3 eigi virkjunarkosturinn að vera áfram í biðflokki. Frá árinu 2009 hefur verið unnið markvisst að rannsóknum og skoðun á virkjunarkostinum og umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla er nú tilbúin til auglýsingar og almennrar umfjöllunar fagaðila, félagasamtaka og almennings. Telja verður að í lok þess matsferils fái með formlegu álit Skipulagsstofnunar tæmandi upplýsingar um virkjunarkostinn, álit annarra, ráðlagðar mótvægisáðgerðir og heildarmat verkefnisins. Þar með munu liggja fyrir ítarlegar upplýsingar til að ákvarða endanlega flokkun í rammaáætlun. Álit og afstaða HS Orku til flokkunar Búlandsvirkjunar byggir á nokkrum meginatriðum:

1. Tveir faghópar af fjórum faghópum verkefnisstjórnar meta hvorki sérhver virkjunaráform með stigagjöf, né gera skýra tillögu til verkefnisstjórnar um flokkun. Vandséð er hvernig 9. gr. laga nr. 48/2011 teljist uppfyllt þar sem skýr sjónarmið verkefnisstjórnar er varða samfélagsáhrif og hagkvæmni skortir.
2. Mat á samfélagsáhrifum og hagkvæmni gera það kleift að meta þjóðhagslega hagkvæmni. Hún er forsenda við mat og ákvarðanatöku um uppbyggingu raforkukerfisins og lögfest markmið í 1. mgr. 1. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þar sem segir að markmið laganna sé að „stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi...“. Af þessu leiðir að verklag verkefnisstjórnar í tillögugerð þjóni ekki markmiði raforkulaga nr. 65/2003.
3. Faghópur 1 skilgreinir landsvæði, er tengjast virkjunaráformum í vatnsafli, sem allt það land er vatnasvið spannar ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja. Með svo víðtækri skilgreiningu er áhrifasvæði útvíkkað og neikvæð stigagjöf virkjunaráforma margföld borið saman við skilgreiningu landsvæðis sem tekur mið af sjónrænum áhrifum og öðrum beinum áhrifum sem verða af virkjunartilhögun, framkvæmdum og mannvirkjum. Í tilviki Búlandsvirkjunar

koma t.d. Eldgjá og Langisjór inn í verðmætamatið þó svo að staðirnir verði hvorki fyrir beinum áhrifum vegna framkvæmda né mannvirkja. Framangreind nálgun er til þess fallin að draga taum þeirra sem lengst vilja ganga í verndun landsvæðis við mat á vatnsaflsvirkjunarkostum.

4. Faghópur 2 beitir eins og faghópur 1 afar víðtækri skilgreiningu á áhrifasvæði virkjunaráforma fyrir ferðamennsku en hún ein og sér vó þungt í röðun faghópsins (89,74%). Áhrifasvæði Búlandsvirkjunar á grunni skilgreiningar faghópsins nær þannig frá Heklu í vestri, Skaftá í byggð í austri, til suðurs að rótum jöklanna Mýrdalsjökuls, Eyjafjallajökuls og Tindafjallajökuls og norður til Langasjós og Tungnaá. Verður áhrifasvæðið margfalt stærra en svæðið sem stuðst hefur verið við í mati á umhverfisáhrifum og Skipulagsstofnun hefur fallist á sem rétt skilgreint í matsáætlun Búlandsvirkjunar. Á sama hátt og hjá faghópi 1 verður neikvæð stigagjöf margföld borið saman við stigagjöf sem fengist við mat á áhrifum á ferðamennsku með hóflegri og sanngjarnari skilgreiningu á áhrifasvæði. Rétt er að benda á í þessu samhengi að faghópur 2 taldi að þekking hópsins á samspili ferðamennsku og grænnar orkuframleiðslu væri ófullnægjandi og þarfnaðist frekari rannsókn. Það er óviðunandi að áhrifasvæði sé metið jafn víðtækt og faghópurinn gengur út frá við stigagjöf sína. Þá er rétt og nauðsynlegt að bætt verði úr skorti á rannsóknum áður en endanleg flokkun er ákveðin. Rökrétt er því að flokka virkjunarkostinn í biðflokk þar til þessir ágallar hafa verið lagfærðir.
5. HS Orka leggur ríka áherslu á að við mat á virkjunarkostum sé fjallað um þá frá öllum hliðum og flokka framkvæmd í samræmi við 1. gr. laga nr. 48/2011. Mikilvægt er að vanda val við ákvörðun forsendna og aðferðafræði við faglegar greiningar, sér í lagi þegar haft er í huga að í mörgum tilvikum er verið að leggja til verndun landsvæða sem ekki er afturkræf. Þá er það algjörlega óhjákvæmilegt að mati HS Orku að allir faghópar ljúki sínum greiningum og meti virkjunarkosti að stigum eins og lögin gera ráð fyrir áður en flokkun er afráðin. Flokkun í nýtingarflokk er ekki eins afdrifarík þar sem virkjunarkostur á eftir að fara í gegnum nálarauga mats á umhverfisáhrifum og standast skilmála sem slíkum framkvæmdum eru almennt settir í skipulagsáætlunum og framkvæmdaleyfi, nái virkjunarkosturinn svo langt að komast á framkvæmdastig.

HS Orka hf. vísar að öðru leyti til umsagnar Suðurorku sem send var verkefnisstjórn rammaáætlunar í ágúst á s.l. ári. og fylgiskjals ráðgjafa Suðurorku, Mannvits, sem fylgdi umsögninni, um ósamræmi á milli niðurstaðna rammaáætlunar 3 og mats á umhverfisáhrifum Búlandsvirkjunar.

Virðingarfyllst,

f.þ. HS Orku hf.



Asgeir Margeirsson, forstjóri